

Tengsl skólastiga

Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur í sér undirbúning og aðlögun. Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnst væntanlegum grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings.

Heimaskólar

Akurskóli = Akur og Holt

Heiðarskóli = Garðasel og Heiðarsel

Holtaskóli = Hjallatún

Háaleitisskóli = Háaleiti og Völlur

Myllubakkaskóli = Tjarnarsel og Vesturberg

Njarðvíkurskóli = Gimli



Kynningafundur fyrir foreldra

Í maí bjóða allir grunnskólar foreldum tilvonandi I. bekkinga á foreldrafund í grunnskólanum. Þar er skólinn kynntur og farið er yfir hvernig skólastarfið gengur fyrir sig.

„Tengsl leik- og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli.”

Aðalnámskrá leikskóla 2011



SAMFELLA SKÓLASTIGA

Fræðslusvið Reykjanesbær
Tjarnargata 12
Sími 4216700



Hvers vegna tengsl milli leik- og grunnskóla

Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirknu samstarfi leik- og grunnskóla. Þar er líka tiltekið að leikskólinn sé fyrsta skólastigið. Tilgangurinn með samstarfinu er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þess þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla. Mikilvægt er að flutningur yfir í grunnskóla sé vel undirbúinn. Nám barna þarf að vera samfellt. Sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður grunnur að grunnskólanámi þeirra.



Markmið með samstarfinu er:

- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiga
- að efla tengslin milli skólastiga
- að skapa samfellu í námi og kennslu
- að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mörkum skólastiga
- að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

Samvinna milli skólastiga

Til að ná markmiðunum þá vinna skólarnir að áætlun sem felur í sér samvinnu skólastiganna.

Skilafundir að vori til að miðla upplýsingum.

Upplýsingafundir í nóvember og skólakynning að vori í grunnskólum.

Gerð áætlunar fyrir samstarf vetrarins að hausti og endurmat að vori.

Gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara.

Gagnlegt fyrir foreldra

Innritun í grunnskóla fer fram sjálfkrafa og er þá miðað við lögheimili barns í mars. Barnið innritast í þann grunnskóla sem er í skólahverfi þess. Upplýsingar um skólahverfi er að finna á reykjanesbaer.is

Ef flutningar eru fyrirhugaðir þá þurfa foreldrar að sækja um breytingu á skólahverfi inni á Mitt Reykjanes.

Umsóknir í frístundaskóla þurfa að berast eigi síðar en í apríl fyrir komandi haust. Sótt er um á Mitt Reykjanes.

Markmiðið er að börnin kynnist skólastarfinu og umhverfi skólans en ekki endilega þeim skóla sem barnið mun síðan sækja.

